

Nd.

729. Breytingartillögur

við frv. til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 12. gr. Í stað „6 vikna“ í 2. málsgrein komi: 3 mánaða.
2. Við 14. gr. Greinin fellur niður.
3. Við 16. gr. Úr 1. málsg. falli niður orðin: hvort sem hún hefur greitt tryggingariðgjald eða ekki.
4. 18. og 19. gr. falli niður.
5. Á eftir 21. gr. komi ný grein, er verði 22. gr., svo hljóðandi:
Nú lýsir maður, er kona hefur kennt óskilgetið barn sitt, því á varnarþingi sínu og lætur bóka, að hann eigi barnið, og öðlast barnið þá erfðarétt sem skilgetið væri gagnvart föður og föðurfrændum og þeir gagnvart því.
6. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
Ákvæði 21. gr. um erfðarétt óskilgetins barns eftir röður og föðurfrændur og þeirra eftir það gilda eigi um börn, sem fædd eru fyrir 1. nóvember 1922.
7. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
8. Aftan við frv. bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða.
Nú telur kona, sem óskilgetið barn hefur alið á tímabilinu frá 1. janúar 1941 til 31. desember 1947, að faðir barnsins sé erlendur maður, sem verið hafi hér á landi í þjónustu eða á vegum erlendra hernaðaraðila, og getur hún þá til ársloka 1949 snúið sér til dómara á varnarþingi sínu og krafizt rannsóknar um faðernið með sama hætti og þá er varnaraðili er farinn af landi burt. Dómari getur með rökstuddum úrskurði heimilað barnsmóður að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, ef hún hefur líkur með sér.
Þegar slíkur eiður hefur verið unninn, er valdsmanni skylt að úrskurða móður barnsins meðlag og kostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins, eins og segir í 13. gr.
Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.